

# INFLÚENSA MEÐGANGA OG BÓLUSETNING

Sjálfkrafa flutningur mótefna er yfir fylgjuna til barnsins á meðgöngu og er sá flutningur mestur frá 32-34 vikum. Þannig er barnið varið fyrir ýmsum sýkingum fyrstu mánuði ævinnar. Við bólusetningu barnshafandi kvenna er verið að sækjast eftir því að mótefnatoppur sem móðirin myndar eftir bólusetningu fari þannig yfir fylgjuna og veitir barninu vörn þar til það fær sínar bólusetningar.

## INFLÚENSA - BÓLUSETNING

Barnshafandi konur og konur sem hafa nýlega fætt eru í aukinni hættu á að veikjast alvarlega af inflúensu, fá alvarlega fylgikvilla hennar og dánartíðni er hærrí. Alvarlegustu fylgikvillarnir eru bronchitis og alvarleg lungnabólga.

Ungbörn sem veikjast fyrstu 6 mánuði ævinnar eru líka í aukinni hættu á að fá alvarlega fylgikvilla og veikjast alvarlega.

Leiki grunur á að barnshafandi konur og konur sem hafa nýlega fætt séu með inflúensu, þrátt fyrir bólusetningu ætti að veita þeim viðeigandi meðhöndlun strax .

Bóluefni gegn árstíðabundinni inflúensu er öruggt bóluefni sem hefur verið mikið rannsakað, bæði gagnsemi þess og mögulegir fylgikvillar, fyrir bæði móður og barn. Mikið af þeim niðurstöðum hafa komið eftir stóra inflúensufaraldra.

Mælt er með inflúensubólusetningu allra barnshafandi kvenna óháð því hvað meðgangin er komin langt.

Ekki ætti að fresta bólusetningu við inflúensu til að ná sama tíma og bólusetning við kíghósta fer fram.

Bólusetja má samtímis fyrir kíghósta og inflúensu helst í sitthvorn handlegg/útlím. Ef stungið er í sama handlegg/útlím þarf að vera a.m.k. 2.5 cm á milli stungustaða.

Það má gefa anti Rhesus D mótefnasprautu (Rhophylac® 1500 a.e.) á sama tíma og bólusetting er fyrir inflúensu.

Tvær vikur þurfa að líða milli Covidbólusetningar og annarra bólusetninga sem eru gefnar á meðgöngu.

Bólusetja þarf fyrir inflúensu á hverju ári.

Sjá nánar: [www.infpreg.se](http://www.infpreg.se)